



Tollstjóri í Reykjavík

Dagsetning/Date

Tilvísun/Reference

Alþingi

Erindi nr. P 128/1168

komudagur 20.2.2003

Nefndasvið Alþingis
b.t. Evu Margrétar Ævarsdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. febrúar 2003

Umsögn tollstjórans í Reykjavík varðandi frumvarp til laga um umhverfismengun af völdum einnota drykkjarvöruumbúða, 543. mál - hækkun umsýsluþóknunar

Embætti tollstjórans í Reykjavík hefur borist erindi umhverfisnefndar Alþingis, dags.6.febrúar sl., þar sem frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, með síðari breytingum, er sent til umsagnar embættisins.

Embætti tollstjórans í Reykjavík hefur ekki að svo stöddu athugasemdir við frumvarpið að öðru leyti en því að lagt er til að í 2. gr. frumvarpsins verði kveðið skýrt á um að breytingin samkvæmt 1. gr. gildi fyrir allar *ótollafgreiddar* vörur frá og með 1. maí 2003.

Virðingarfyllst,
f.h.t.




Svana Margrét Davíðsdóttir,
forstöðumaður tollheimtusviðs

Afrit: Fjármálaráðuneytið